

- 26** úti til fiskveiða frá Þorkötlustaðahverfi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í
12. febr. land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

27

12. febr.

L Ö G

um eyðing á rottum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu gangast fyrir því undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnarinnar, að rottum sé eytt.

2. gr.

Eyðing á rottum skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í öllum sveitarfélögum á landinu, þar sem þeirra verður vart. Bæjar- og sveitarstjórnir láta framkvæma

eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, en þriðjungur kostnaðar endurgreiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. 27

12. febr.

Á öðrum tímum árs skal eyðing fara fram eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar eða fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Fer þá um greiðslu kostnaðar svo sem segir í 1. mgr.

3. gr.

Rottum skal eyða með eitrun eða á annan hátt, er heilbrigðisstjórnin ákveður. Við eitrun skal aðeins nota þær eiturtegundir, sem óskaðlegar eru mönnum og skepn- um, sem þyngri eru en eitt kílógramm. Þó getur heilbrigðisstjórnin leyft notkun sterk- ari eiturtægunda, þar sem rottufaraldur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og afgirtum geymslusvæðum.

4. gr.

Þær einar eiturtægundir má nota og hafa til sölu, er heilbrigðisstjórnin hefur leyft. Um meðferð og notkun eiturs skal fara eftir þeim reglum, er nú gilda eða settar kunna að verða.

Rottueitur skal vera til sölu í lyfjabúðum og hjá héraðslæknum, þar sem ekki eru lyfjabúðir.

5. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu árlega senda stjórnarráðinu skýrslur um eyðingu á rottum í sveitarfélaginu. Skal þar lýst eyðingarstarfinu, getið eiturtægunda og eitur- magns, kostnaðar og árangurs, ef kostur er.

6. gr.

Nú vanrækir bæjar- eða sveitarfélag að láta framkvæma eyðingu á rottum þrátt fyrir skipun heilbrigðisstjórnarinnar, og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt að láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins eingöngu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

28

12. febr.

um brunamál í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam- bykki mínu:

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Reykjavík er í höndum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

2. gr.

Bæjarráð Reykjavíkur hefur á hendi framkvæmd brunamála bæjarins, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Bæjarráð